

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – fyrri hluti
7. október 2019
kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 95 mín.

Sem endurskoðandi stendur þú frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis vegna endurskoðunaráritunar á ársreikning 2018. Það skal tekið fram að ekkert af neðangreindum fyrirtækjum er eining tengd almannahagsmunum (e. PIE) en þau eru yfir stærðarmörkum lítilla félaga samkvæmt lögum um ársreikninga og gera upp eftir lögum um ársreikninga nema annað sé tekið fram.

1. Fyrirtækið A ehf. er netverslun á sviði smásölu og er þekkt fyrir mjög breitt vöruúrval og skamman afhendingartíma. Hefur fyrirtækið vaxið mjög hratt á síðustu árum og vöxturinn verið á tíðum ævintýralegur hvort sem litið er til veltu, vöruúrvals eða fjölda starfsfólks. Var fyrirtækið keypt árið 2017 af skráðu fyrirtæki sem er samstæða sem sérhæfir sig meðal annars í smásölu fyrirtækjum. Í aðgerðaendurskoðun sem framkvæmd var fyrir áramót (e. interim) kom í ljós ákveðið misræmi í bókhaldi auk þess sem nokkrir birgjar fóru að hafa samband þar sem elstu reikningar þeirra voru orðnir eldri en 3ja mánaða. Fannst stjórnendum og starfsfólki A ehf. þetta sérstakt því reikningar væru greiddir á eindaga mánaðarlega og reynt eftir bestu getu að gera afstemmingar reglulega yfir árið. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að óprúttum aðilum hafði tekist að brjótast inn í tölvukerfi fyrirtækisins og hófu stjórnendur fyrirtækisins þegar í stað vinnu við að greina hvað hefði komið fyrir og hvernig það hefði mátt vera að þetta gæti gerst. Nú líður að áritunardegi fyrir A ehf., sem er í lok vikunnar, og ekki hægt að fresta vegna birtingar uppgjörs móðurfélagsins. Hefur stjórnendum ekki enn tekist að greina að fullu vandamálið og hversu víðtæk áhrif tölvuárásarinnar eru. Ákváðu stjórnendur að senda út staðfestingarbréf til að sannreyna viðskiptastöðu sína við alla birgja fyrirtækisins. Það eru ekki nærri allir búnir að svara en margir stærstu hafa þó svarað og það komið í ljós að tölvuþrjótunum tókst að breyta greiðendaupplýsingum hjá nokkrum birgjum og svíkja þannig út verulegar fjárhæðir. Þá hafa stjórnendur rökstuddan grun um að tölvuþrjótunum hafi tekist að fá afhentar vörur og láta líta út eins og það hafi verið greitt fyrir þær meðal annars með notkun falskra gjafabréfa og er enn verið að stemma af allar upplýsingar úr kassauppgjörum og kortauppgjörum til að kanna umfang þessa.
2. Fyrirtækið B ehf. er fiskeldisfyrirtæki sem er að meirihluta í eigu fyrirtækis í Noregi sem stendur gríðarlega vel fjárhagslega og er sterkt fyrirtæki þar í landi. Er áritunardagur ávallt snemma í mars á hverju ári að beiðni móðurfélagsins. B ehf. rekur nokkrar fiskeldisstöðvar víða á Vestfjörðum og hefur rekið þær flestar í fjölmörg ár og er sú nýjasta þriggja ára gömul. B ehf. hefur starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um fiskeldi. Hefur starfsemi B ehf. oft á tíðum ratað í fjölmiðla þar sem hagsmunasamtök og fleiri vinna ötullega gegn þessari starfsemi sem þau telja að ógni umhverfinu og villtum fiski. Á undanförunum árum hefur B ehf. lent í endurteknum vandræðum með kvíar á nokkrum starfsstöðum og hvað verst á þeirri nýjustu þar sem eldisfiskur hefur verið að sleppa. Hefur Matvælastofnun farið fram á það við stjórnendur B ehf. að þeir taki hratt á þessum vandamálum, því annars eigi fyrirtækið á hættu að missa leyfi sín til starfseminnar. Undir lok rekstrarársins sem var að líða rötuðu vandræði B ehf. til fjölmiðla og kominn er mikill þrýstingur á eftirlitsaðila að

bregðast við með afgerandi hætti og gera fordæmi úr málinu. Matvælastofnun sendi B ehf. ítrekun skömmu fyrir áramótin sem voru að líða um að fyrirtækið verði að bregðast við ábendingum til rekstraraðila og hefði þar til í lok mars á nýju ári til að bregðast við með viðunandi hætti. Nú er svo komið að áritunardagur fyrirtækisins er í lok vikunnar og samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum eru þeir að vinna í að uppfylla öll skilyrði sem Matvælastofnun setti fram og að þeir vonist til að ná því áður en annar ársfjórðungur 2019 verður liðinn. Hafa engin veruleg atriði komið upp við endurskoðun á fjárhagsupplýsingum fyrirtækisins.

3. Fyrirtækið C ehf. er ráðgjafa- og fjárfestingafyrirtæki sem hefur getið sér góðan orðstír við að aðstoða frumkvöðlafyrirtæki við að feta fyrstu spor á markaði sem og önnur fyrirtæki sem eru að sækja inn á nýja og stærri markaði erlendis. Í gegnum árin hefur það komið fyrir að C ehf. fái sem endurgjald fyrir vinnu sína eignarhluti í fyrirtæki viðskiptavinarins auk þess að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum. Á rekstrarárinu sem er að líða ákváðu stjórnendur C ehf. að flytja alla eignarhluti sína í öðrum fyrirtækjum yfir í nýtt fyrirtæki í eigu C ehf. sem heitir Ceinn ehf. til að auka yfirsýn yfir þann hluta starfseminnar. Voru allir eignarhlutir færðir á kostnaðarverði í bókhaldi C ehf. en í óendurskoðuðum ársreikningi Ceinn ehf. rekur þú augun í að verðmæti eignarhlutanna í félögum hefur breyst á árinu sem er að líða án þess að þú hafir fengið upplýsingar um breytingu á eignarhaldi eða viðbót í nýjum félögum. Við frekari eftirgrennslan kemur í ljós að stjórnendur ákváðu að endurmeta verðmæti eignarhlutanna í öðrum félögum og færa á gangvirði eftir að þeir höfðu verið færðir yfir í Ceinn ehf.

Þar sem Ceinn ehf. er 100% í eigu C ehf. tóku stjórnendur fullt tillit til hlutdeildar í afkomu dótturfélagsins og voru áhrif af þessu færð í gegnum rekstur og inn á óráðstafað eigið fé. Nam fjárhæð hlutdeildartekna um helmingi af ákvörðuðum mikilvægismörkum.

4. Fyrirtækið D ehf. er nýr viðskiptavinur í endurskoðun hjá þér, en það gerir upp samkvæmt IFRS þar sem það er í eigu erlendra samstæðu. D ehf. er að vinna að mörgum eftirtektarverðum verkefnum allt frá uppbyggingu nýjasta og heitasta hverfisins á höfuðborgarsvæðinu yfir í byggingu Sundabrautar, nýs spítala á Vífilsstöðum og loks nýs flugvallar í Hvassahrauni. Vegna eðlis þessara verkefna er fyrirtækið verulega skuldsett. D ehf. flutti fyrir örfáum árum í nýjar höfuðstöðvar sem systurfyrirtæki þess á, en systurfyrirtækið á og leigir út margar fasteignir. Gerður var leigusamningur til 20 ára. D ehf. hefur fundið fyrir þeim hægagangi sem hefur verið á fasteignamarkaði síðustu misseri þar sem sölutími eigna er að lengjast og fjárbinding í verkefnum að aukast. Lánveitendur fylgjast vel með framvindu mála og kalla eftir innanhúsuppgjörum á tveggja mánaða fresti til að athuga hvort skilmálar lána séu uppfylltir, þar á meðal að selja eignir á ekki lægra verði en skilgreint er í lánaskilmálum. Þá eru auk þess margvíslegir skilmálar eins og um eiginfjárhlutfall, sjóðstreymiskvaðir og að hluthafar greiði sér ekki út arð nema að fengnu leyfi frá lánveitendum. D ehf. sér um gerð ársreiknings innanhúss en

leitar til þín eftir aðstoð þar sem fjármálastjórinn fékk þau skilaboð frá samstæðunni að það eigi að taka upp IFRS 16 *Leigusamningar* snemma og klára innleiðingu á árinu 2018. Nú liggja útreikningar fyrir og fjármálastjóranum og stjórnendum til mikillar gleði kemur í ljós að innleiðing staðalsins leiðir ekki til þessi að fyrirtækið brjóti lánaskilmála þrátt fyrir að vera ansi nálægt því. Nú líður að áritunardegi og ert þú að lesa yfir vinnupappíra endurskoðunarinnar og rekst þá á upplýsingar um að D ehf. sé að leigja vöruskemmu. Þú hafðir ekki upplýsingar um skemmuna áður og í ljós kom að hún var ekki með í upphaflegum útreikningum á leiguskuldbindingu og því þurfi að taka tillit til hennar og uppfæra útreikninga. Kemur þá í ljós að lánaskilmálar halda ekki. Bregðast stjórnendur skjótt við og setja sig í samband við lánveitendur og upplýsa þá um stöðu mála. Eftir þær samræður er það mat og ákvörðun stjórnenda að besta lausnin sé að greina frá því í skýringum að tilteknir skilmálar útistandandi lána séu brostnir og að viðræður muni eiga sér stað við lánveitendur til að leysa það og breyta lánaskilmálum. Gengur fjármálastjórinn samviskusamlega frá því að greina frá þessu í texta neðst í skýringum um langtímalán.

Úrlausnarefni:

Fyrir hvert tilvik sem lýst er hér að framan:

- A. Gerðu grein fyrir því hvort þú teljir að viðkomandi aðstæður kalli á að nauðsynlegt sé að víkja frá hefðbundinni fyrirvaralausri áritun. Rökstyddu vel hvers vegna.
- B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 40 mín.

Sjóskip ehf. er leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sviði skipahönnunar. Bræðurnir Gísli, Eiríkur og Helgi starfa hjá félaginu. Helgi, sem er viðskiptafræðingur, er framkvæmdastjóri félagsins, en Gísli og Eiríkur, sem eru skipatæknifræðingar, starfa sem sérfræðingar við skipahönnun. Aðrir starfsmenn eru alls 12 og þar á meðal er Soffía frænka þeirra sem sér um fjármálin.

Soffía hefur verið að fara yfir ýmis konar aukagreiðslur sem starfsmenn hafa verið að fá frá félaginu, s.s. í formi hlunninda, ökutækjastyrkja og dagpeninga. Hana grunar að ekki sé allt með felldu og hefur því leitað til endurskoðunarfræðingisins sem þú starfar hjá, en Sjóskip ehf. er í viðskiptum hjá ykkur. Þér hefur verið falið að aðstoða Soffíu.

Gísli hefur í gegnum árin stundum farið til eftirlitsstarfa í erlendar skipasmíðastöðvar í nokkra daga í hvert sinn og fær þá dagpeninga vegna þeirra daga, bæði vegna gistingar og annars. Eiríkur hins vegar starfaði hjá erlendu skipahönnunarfræðingum þar til fyrir tveimur árum að hann hóf störf hjá Sjóskipum ehf. Hann flutti þá heim til Íslands og hefur frá þeim tíma verið með skattalega heimilisfesti á Íslandi. Markmiðið með ráðningu Eiríks var að nýta alþjóðlega reynslu hans og sækja fram á erlenda markaði, einkum í Chile, Tyrklandi og Rússlandi. Eiríkur hefur því verið talsvert meira erlendis en Gísli, einkum á yfirstandandi ári en á því má segja að Eiríkur hafi dvalið í Rússlandi við tímabundin störf (nokkur verkefni þar) en farið í stakar vinnuferðir frá Rússlandi til Tyrklands (eitt verkefni þar). Á umræddu tímabili, frá og með janúar 2019, hefur Eiríkur komið í stuttar heimsóknir til Íslands. Þeir bræður vilja gera vel við sig og hafa greitt 20% meira en sem nemur ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og reglum ríkisskattstjóra.

Gísli hefur fengið greiddan ökutækjastyrk í hverjum mánuði í samræmi við fjárhæðarmörk ríkisskattstjóra per kílómetri og ekna kílómetra í þágu Sjóskipa ehf. skv. akstursbók sem Gísli færir reglulega, þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala Gísla og einkennisnúmer bifreiða Gísla, þar sem líka liggur fyrir hver heildarakstur bifreiðarinnar er á hverju ári. Akstursbókin hefur verið skattfyrirvöldum aðgengileg, bæði í bókhaldi Sjóskipa ehf. og hjá Gísla. Skrifstofa Sjóskipa ehf. er í Miðborg Reykjavíkur og þegar Gísli fluttist frá Reykjavík upp í Mosfellsbæ þá jókst frádráttur Gísla.

Helgi er mikið á ferðinni í vinnunni vegna ýmissa fundarhalda og vegna vaxandi umsvifa Sjóskipa ehf. síðustu ár var ákveðið að keyptur yrði bíll fyrir Helga sem hann gæti notað í vinnunni. Helgi fer iðulega heim á bifreiðinni, enda kemur fyrir að hann byrji ekki vinnudaginn á skrifstofunni, heldur fari beint á fund út í bæ. Að öðru leyti nýtir Helgi bifreiðina ekki mikið í einkaþágu, heldur aðeins í einstökum og tilfallandi tilvikum.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum og rökstyðja svör m.a. með vísan til viðeigandi ákvæða laga og reglna:

- A. (20 mín.) Hvort og þá hvaða áhrif hefur það á dagpeningagreiðslur til Eiríks að Eiríkur hafi dvalið tímabundið við störf í Rússlandi á árinu 2019? Má halda dagpeningagreiðslunum utan staðgreiðslu? Teljast dagpeningagreiðslurnar hans skattskyldar?
- B. (12 mín.) Er heimilt að halda ökutækjastyrk Gísla utan staðgreiðslu? Er ökutækjastyrkur Gísla skattskyldur?
- C. (8 mín.) Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi Helga?

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 30 mín.

Alma Gunnarsdóttir er fjármálastjóri hjá Náttúruskoðun ehf. Náttúruskoðun ehf. er eignarhalds- og rekstrarfélag sem á tvö rekstrarfélög 100%, annars vegar Hellaskoðun ehf. og hins vegar Jöklaskoðun ehf. Framan af gekk reksturinn vel og skiluðu félögin þrjú hagnaði öll ár frá stofnun til og með 2017. Þau söfnuðu upp nokkru óráðstöfuðu eigin fé. Frá miðju ári 2018 hefur hins vegar hallað verulega undan fæti. Stafar það bæði af ytri aðstæðum en einnig af ákveðnum mistökum sem gerð voru í rekstri um mitt ár 2018. Tap varð hjá öllum þremur félögum á árinu 2018 og stefnir í enn meira tap hjá þeim á árinu 2019.

Þessi viðsnúningur í rekstri hefur valdið nokkrum erfiðleikum. Bankalán samstæðunnar voru tekin af Náttúruskoðun ehf., sem fjármagnaði svo aftur dótturfélögin með hlutafé og lánsfé. Fyrstu stóru gjalddagarnir á bankalánunum voru 1. október 2018 og síðan á 6 mánaða fresti eftir það (1. apríl 2019, 1. október 2019 o.s.frv.). Útlit var fyrir að Náttúruskoðun ehf. gæti ekki staðið í skilum með gjaldfallna vexti og höfuðstól af bankaskuldunum 1. október 2018. Miðað við afkomu Hellaskoðunar ehf. og Jöklaskoðunar ehf. um og upp úr miðju ári 2018 og afkomuhorfunar á sama tíma, þá voru félögin tvö í raun ekki aflögufær, þrátt fyrir þá staðreynd að bæði félögin hafi átt umtalsvert óráðstafað eigið fé samkvæmt ársreikningum 2017. Engu að síður og í stað þess að bankinn gengi að veðum í hlutafé dótturfélaganna, þá var boðað til aukahluthafafunda í dótturfélögum undir lok september 2018 (aðalfundur fóru fram í maí 2018), þar sem ákveðið var að greiða hluta af óráðstöfuðu eigin fé félaganna í arð til Náttúruskoðunar ehf.

Arðgreiðslurnar hafa hins vegar valdið dótturfélögum erfiðleikum í rekstri. Illa hefur gengið að greiða laun, standa skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu o.fl. Þegar nær dró gjalddaganum 1. apríl 2019 var Jöklaskoðun ehf. komið í betri mál en Hellaskoðun ehf. Því var einungis boðað til aukahluthafafundur í Jöklaskoðun ehf. í lok mars 2019 þar sem arðgreiðsla var ákveðin, en enn var svigrúm á óráðstöfuðu eigin fé þess félags samkvæmt reikningi þess 2017 (ársreikningur 2018 lá ekki fyrir fyrr en í maí 2019 en þá fór aðalfundurinn fram). Með þeirri arðgreiðslu náði Náttúruskoðun ehf. að greiða gjalddagann 1. apríl 2019. Gjalddaginn 1. október 2019 er hins vegar í vanskilum og áframhaldandi erfiðleikar hjá samstæðunni fyrirsjáanlegir.

Eins og gefur að skilja, þá hefur Alma áhyggjur af stöðunni. Ekki bara af afkomunni og áframhaldandi rekstrarerfiðleikum, heldur er hún með efasemdir um að rétt hafi verið staðið að málum við framangreindar arðgreiðslur. Hún veltir m.a. fyrir sér hvort yfirhöfuð sé heimilt að ákveða arðgreiðslu á aukahluthafafundi.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að gefa Ölmum álit um lögmæti framangreindra arðgreiðslna. Rökstyðja skal svör, eftir atvikum með vísan til viðeigandi ákvæða laga og reglna.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 70 mín.

Eldi ehf. er öflugt fyrirtæki í fiskeldi sem gerir upp skv. IFRS. Til að takast á við aukna framleiðslu þá ákvað fyrirtækið í byrjun árs 2018 að hefja byggingu á framleiðsluhúsi, þar sem fiski verður slátrað og hann unninn í neytendavænar umbúðir fyrir markað í Asíu.

Fyrsta skrefið var að velja framleiðslulínu sem hentaði, og fór fyrirtækið í að skoða möguleika og hagkvæmni mismunandi valkosta. Að lokum voru tveir möguleikar taldir vænlegir og var farið í lokað útbod og hagkvæmari kosturinn valinn. Fyrirtækið hóf einnig annan undirbúning að byggingunni, tryggði sér lóð, réð arkitekta og verkfræðinga til að hanna húsið og svo byggingarverktaka til að byggja húsið.

Eftir þriggja mánaða undirbúning var byggingin komin á fullt og þegar kom að áramótum var byggingu hússins og frágangi á umhverfi þess lokið. Þá var uppsetningu tækja lokið og hafin var tilraunaframleiðsla til að meta hvort framleiðslulínan væri í lagi sem og til að þjálfa starfsfólk í notkun hennar.

En eins og alltaf þá eru reikningsskilin krefjandi verkefni og meðal annars þá færði aðal bóvari félagsins ýmsan kostnað vegna byggingar framleiðsluhússins til eignar.

Úrlausnarefni (10 mín.):

Verkefni þitt er að upplýsa fjármálastjórnann um það hvaða reglur gilda um það hvenær eigi að færa fastafjármuni sem eign. Rökstyddu mál þitt með tilvísun í IFRS.

Svarið í word svarskjál

1. Eitt af því sem fjármálastjórninn var að velja fyrir sér er hvort ekki mætti eignfæra ýmsan innanhúskostnað enda fór mikill tími innan fyrirtækisins í þetta verkefni. Hann tiltók ýmsan kostnað sem hann taldi að ætti að eignfæra og létta þannig á almennum rekstrarkostnaði fyrirtækisins.

a) Val á framleiðslulínu. Innanhúsvinna, farið yfir ýmsa möguleika 20 millj. kr.

Möguleikar á framleiðslulínu voru ýmsir og það þurfti að skoða vandlega hvort einhver þeirra gæti verið heppilegur fyrir framleiðslu Eldis ehf. Á endanum voru þó tveir möguleikar taldir fýsilegir. Skoðunin fór fram í janúar og febrúar 2018 og var útreiknaður kostnaður 10 milljónir króna hvorn mánuð eða samtals 20 milljónir króna.

b) Útbod á framleiðslulínu og framleiðsluhúsi. Innanhúsvinna 10 millj. kr.

Tvær framleiðslulínur komu til greina og var farið í útbod til að velja hvor þeirra yrði fyrir valinu. Útbodið var undirbúið og framkvæmt af starfsmönnum fyrirtækisins í mars 2018 og var útreiknaður innanhússkostnaður 10 milljónir króna.

c) Hönnun framleiðslulínu og framleiðsluhúss. Innanhúsvinna 50 millj. kr.

Bein vinna starfsmanna við hönnun framleiðslulínu og framleiðsluhúss utan um hana. Vinna fór fram frá mars fram í desember og var 5 milljónir króna á mánuði eða samtals 50 milljónir króna á árinu 2018.

- d) Yfirstjórnarkostnaður, 30% v/vinnu við bygginguna 12 millj. kr.

Fjármálastjórinn telur að veruleg vinna liggi hjá yfirstjórninni við þessa framkvæmd og hefur áætlað að 1 milljón króna á mánuði allt árið 2018 liggi í yfirstjórnarkostnaði sem er beint tengdur þessari framkvæmd. Hann telur því eðlilegt að eignfæra þennan kostnað samtals 12 milljónir króna.

- e) Þjálfun starfsmanna við nýja framleiðslulínu 40 millj. kr.

Sem hluti að kostnaði fyrirtækisins í nóvember og desember 2018 var að kenna starfsfólki á framleiðslulínuna og þjálfna það í notkun hennar. Fjármálastjórinn áætlað að þar liggi verulegur kostnaður, eða 20 milljónir króna hvorn mánuð, samtals 40 milljónir króna.

Úrlausnarefni (20 mín.):

Verkefni þitt er að fara yfir ofangreinda kostnaðarliði og tilgreina hverja þeirra ætti að eignfæra miðað við reglur IFRS. Rökstyddu val þitt og komdu með tilvísun í staðla ef við á.

Svarið í word svarskaal

2. Annað sem fjármálastjórinn var að velta fyrir sér var beinn kostnaður við framkvæmdirnar. Þar skiptir mestu máli annars vegar kostnaður við framleiðslulínu og hins vegar byggingu framleiðsluhússins. Þar var fjármálastjórinn helst að velta fyrir sér lokagreiðslum fyrir framkvæmdirnar, hvort það eigi að færa þær til eignar á árinu 2018 eða 2019. Einnig var hann að velta fyrir sér aðföngum sem Eldi ehf. þurfti að kaupa inn á árinu til að eiga þegar framleiðsla byrjaði.

- a) Framleiðslulína

Greitt til framleiðanda, apríl til loka desember 2018, 100 milljónir á mánuði	900 millj. kr.
Lokagreiðsla eftir úttekt á tækjabúnaði – enn ógreidd	200 millj. kr.
Greiðsla til óháðs aðila fyrir úttekt á framleiðslulínunni í desember 2018	10 millj. kr.

Heildarsamningur vegna framleiðslulínu var 1,1 milljarður króna, þar af eiga að greiðast 200 milljónir króna þegar úttekt er lokið og Eldi ehf. hefur samþykkt að búnaðinn. Óháður aðili var fenginn til að gera úttektina og var hún framkvæmd í desember 2018. Endanleg niðurstaða er ekki komin en skv. símtali úttektaraðila við fjármálastjóran gerir hann ekki ráð fyrir að það verði athugasemdir í úttektarskýrslu sinni.

- b) Byggingaframkvæmdir við framleiðsluhús

Arkitektar, greitt 10 milljónir á mánuði janúar til desember 2018	120 millj. kr.
Verkfræðingar og hönnuðir, greitt 10 milljónir á mánuði janúar til september 2018	90 millj. kr.
Eftirlit með framkvæmdum, greitt 20 milljónir á mánuði apríl 2018 til febrúar 2019	220 millj. kr.
Byggingaverktaki, greitt 75 milljónir á mánuði apríl til nóvember 2018	600 millj. kr.

Byggingaverktaki lokagreiðsla - Úttekt eftir ókláruð – enn útistandandi 100 millj. kr.

Samningur við byggingaverktaka hljóðaði upp á 700 milljónir króna, þar af var lokagreiðsla upp á 100 milljónir króna í desember 2018 eftir úttekt. Úttekt leiddi í ljós galla í framkvæmdinni og voru aðilar enn að skoða um áramótin hvað gera ætti í því máli. Sátt um umbætur náðist 3. janúar 2019 og var verkinu lokið og lokagreiðsla greidd 12. janúar 2019.

- c) Umbúða- og rekstrarvörubirgðir fyrir nýja framleiðslulínu, greiddar 30 milljónir á mánuði frá maí til desember 2018 eða samtals 240 millj. kr.

Með nýrri framleiðslulínu komu til nýjar umbúðir sem þurfti að kaupa inn áður en framleiðsla hæfist. Allar umbúðir eru af nýrri gerð og þurfti að hanna þær frá grunni. Fjármálastjórinn fékk þær upplýsingar að helmingur af kostnaðinum væri vegna hönnunar á nýjum umbúðum en hinn helmingurinn væri til að afla rekstrarvörubirgða til undirbúnings á framleiðslunni.

Úrlausnarefni (20 mín.):

Verkefni þitt er að fara yfir ofangreinda kostnaðarliði og tilgreina hvern þeirra ætti að eignfæra miðað við reglur IFRS. Rökstyddu val þitt og komdu með tilvísun í staðla ef við á.

Svarið í word svarskjál

3. Til að fjármagna framkvæmdirnar þá tók Eldi ehf. lán í byrjun árs 2018. Annars vegar var tekið sérstakt lán A til að fjármagna framleiðslulínu félagsins, að fjárhæð 1,1 milljarður króna. Hins vegar var tekið lán B til að fjármagna byggingarframkvæmdirnar og til að kaupa inn birgðir af ýmsum vörum fyrir hina nýju framleiðslulínu, að fjárhæð 1,2 milljarðar króna. Hluti af því láni fór einnig í að fjármagna ýmislegt í rekstri félagsins árið 2018 á meðan á byggingu framleiðsluhússins stóð.

Lán A var til 10 ára, og var greitt út í einni greiðslu, þann 1. apríl 2018. Vextir voru 10% fastir vextir. Fjárfest var í skammtímabréfum þar til kom að greiðslu samkvæmt samningi um framleiðslulínuna, og voru tekjur af þessum skammtímabréfum 30 milljónir króna frá apríl fram í desember 2018.

Lán B var til 5 ára og greitt út í tvennu lagi, 400 milljónir króna þann 2. janúar 2018 og 800 milljónir króna þann 1. júlí 2018. Lánið bar 10% fasta vextir. Þegar lánið var ekki nýtt til að greiða fyrir fjárfestingar var það nýtt í rekstri félagsins.

Úrlausnarefni (20 mín.):

Gerðu viðeigandi færslur í bókhald félagsins vegna vaxtatekna og vaxtagjalda af þessum lánnum. Láttu koma skýrt fram á hvaða liði reikningsskilanna fært er.

Svarið í word svarskjál

Verkefni 5 – 25 mín.

Jón Jónsson er aðaleigandi og framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu Sparnaðarráð ehf. sem hefur verið í rekstri og ráðgjöf í fjöldamörg ár við góðan orðstír. Jón kom að máli við þig nýlega og fór að velta fyrir sér þessari lensku að vera að senda staðfestingabréf á alla viðskiptabanka til að staðfesta það sem stendur í heimabankanum og greiða fyrir það blóðug viðbótargjöld til þessara viðskiptabanka, eins og hann orðaði það. Velti Jón því fyrir sér hvort þetta væri nauðsynlegt og vildi endilega spara sér þessa fjármuni sem færu til þessara fjármálastofnana og eyða þeim frekar í starfsfólk sitt. Nú væri hann líka búinn að stofna bankareikning í Noregi hjá DNB og í Bretlandi hjá Santander. Hvort það væri ekki að fara kosta fúlgju fjár að senda staðfestingarbréf til allra þessara aðila í stað þess að lesa þetta beint úr heimabankanum og sannreyna þessar sömu upplýsingar beint þaðan. Þetta væri nú eftir allt orðið svo fullkomið á þessari tækniöld sem við lifum á dag að hann gæti sýnt þetta í appinu í símanum sínum.

Úrlausnarefni:

- A. Eruð þið sammála Jóni um það hægt sé að sleppa því að senda staðfestingabréf til fjármálastofnana?
- B. Væri möguleiki að beita svokölluðum neikvæðum staðfestingum og senda á fjármálastofnanir?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 6 – 45 mín.

P ehf. er lyfjafyrirtæki sem er hvað þekktast fyrir að framleiða sterk verkjalyf úr flokki ópíóða sem eru notuð á spítölum eftir skurðaðgerðir og í öðrum alvarlegum tilfellum. Lyfinu er einnig ávísað af læknum í vægari skömmtum í eftirmeðferð þar sem það er aðkallandi. Hefur P ehf. einkaleyfi til að framleiða og selja þetta tiltekna verkjalyf hér á landi, en hefur ekki leyfi til að selja lyfið utan Íslands. Notkun verkjalyfsins hefur vakið mikla reiði í samfélaginu sökum þess hve ávanabindandi það er. Heilbrigðisyfirvöld og aðrir hagsmunaaðilar skoða nú leiðir til þess að banna framleiðslu og ávísun þessa verkjalyfs, en þetta lyf er uppspretta hátt í 90% tekna P ehf. auk þess sem allur hagnaður fyrirtækisins kemur af framleiðslu og sölu þess. Í fylgiskjali 1 má sjá yfirlit yfir rekstur og efnahag fyrirtækisins úr nýjasta ársreikningi þess.

Þú ert, sem endurskoðandi fyrirtækisins, búinn að klára flestar hefðbundnu endurskoðunaraðgerðirnar á mikilvægustu liðum ársreikningsins og engar alvarlegar athugasemdir komið fram. Þú hefur rennt yfir drög að ársreikningi fyrirtækisins, þar með talið skýrslu stjórnar og skýringar. Ársreikningar fyrri ára hafa verið áritaðir með fyrirvaralausri áritun. Umræða skaðsemi ópíóða í samfélaginu hefur ekki farið fram hjá þér frekar en öðrum og þú verið í reglulegum samskiptum við stjórnendur fyrirtækisins vegna þessa en þeir segjast ekki hafa miklar áhyggjur vegna þess hve nauðsynlegt þetta verkjalyf er. Nú þegar nálgast áritunardag ákveður þú að senda hefðbundið lögfræðibréf til lögfræðings P ehf. og í svarbréfi hans kemur fram að hagsmunasamtök eru búin að sækja um lögbann á framleiðslu og sölu verkjalyfsins og höfða skaðabótamál á hendur P ehf. Var það gert snemma í desember en málið verður tekið fyrir á næstu vikum samkvæmt svarbréfi lögfræðingsins. Til að bæta gráu ofan á svart halda forstjóri Landspítalans og heilbrigðisráðherra sameiginlegan blaðamannafund þar sem þau tilkynna að íslenska ríkið muni ekki lengur kaupa þessi ópíóða lyf í gegnum Lyfjastofnun og læknar geti ekki lengur ávísað þessu verkjalyfi. Bannið tekur gildi þegar í stað.

Úrlausnarefni:

- A. Hvaða álitæfni koma fram í ofangreindum forsendum og hver eru væntanleg áhrif þeirra?
- B. Hvaða áhrif hafa ofangreindar forsendur á endurskoðun þína fyrir árið 2018 og telur þú þörf á að framkvæma viðbótaraðgerðir vegna þeirra og þess sem þú tekur fram í lið A?
- C. Hvaða áritun telur þú viðeigandi í ljósi þessara aðstæðna?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 7 – 30 mín.

Brasilíska fyrirtækið Grupo Eletronica (GE) er með starfsemi í nær öllum heimsálfum og framleiðir m.a. túrbínur sem notaðar hafa verið í vatnsaflsvirkjanir víða um heim. GE hefur aldrei selt neitt til Íslands eða verið með starfsemi hér á landi, en hefur í hyggju að taka þátt í útboði sem fer fram innan skamms vegna virkjunarframkvæmda á Íslandi, þ.e. taka þátt í útboði á sölu og uppsetningu á einni túrbínu. Gert er ráð fyrir að uppsetningin muni taka 10 mánuði.

Áður en GE getur gert tilboð þarf fyrirtækið að gera sér grein fyrir mögulegum sköttum sem gætu fallið til á Íslandi. GE hefur leitað til endurskoðunarfyrirtækisins sem þú starfar hjá. Þar hefur þér verið falið að svara einu tilteknu álitaefni í þessu sambandi, þ.e. hvort GE komi til með að teljast hafa myndað fasta starfsstöð eða atvinnustöð á Íslandi og þar með bera takmarkaða tekjuskattskyldu á Íslandi.

Til greina kemur að túrbínan verði seld frá og sett upp beint frá brasilíska móðurfélaginu, frá bandarísku dótturfélagi GE eða frá eistnesku dótturfélagi GE, en höfuðstöðvar GE í Evrópu eru einmitt í Eistlandi þar sem rekstrarumhverfið er hagstætt m.t.t. skatta, launa o.fl. Enginn tvísköttunarsamningur er í gildi á milli Íslands og Brasilíu, en slíkir samningar eru í gildi á milli Íslands og Bandaríkjanna annars vegar og milli Íslands og Eistlands hins vegar og liggja þeir báðir fyrir við úrlausn verkefnisins.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum í liðum A, B og C út frá framangreindum forsendum. Rökstyðja skal svör m.a. með vísan til laga um tekjuskatt, tvísköttunarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og tvísköttunarsamnings Íslands og Eistlands.

- A. Ef túrbínan yrði seld frá og sett upp af brasilíska móðurfélaginu, teldist brasilíska móðurfélagið hafa myndað fasta starfsstöð á Íslandi?
- B. Ef túrbínan yrði seld frá og sett upp af bandaríska dótturfélaginu, teldist bandaríska dótturfélagið hafa myndað fasta starfsstöð á Íslandi?
- C. Ef túrbínan yrði seld frá og sett upp af eistneska dótturfélaginu, teldist eistneska dótturfélagið hafa myndað fasta starfsstöð á Íslandi?

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 8 – 70 mín.

Fura hf. gekk frá kaupum á öllu hlutafé í fyrirtækinu Greni ehf. þann 30/6 2018. Fyrirtækin eru í svipaðri starfsgrein og með kaupunum telja stjórnendur Furu hf. að saman verði fyrirtækin öflugri á markaði bæði héraendis og erlendis, þar sem hægt verði að samtvinnna markmið, sölukerfi, framleiðslukerfi og flutningskerfi þeirra.

Samningurinn var undirritaður þann 30/6 2018, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og með fyrirvara um að hægt væri að falla frá samningnum þar til kaupverð væri greitt. Kaupverðið átti að greiðast með útgáfu 10.000.000 nýrra hluta í Furu hf. og með greiðslu á 300 milljónum króna í reiðufé. Fura hf. er skráð á virkan hlutabréfamarkað og var gengi bréfa félagsins 100 kr. á hlut þann 30/6 2018, 110 kr. á hlut þann 31/8 2018 og 120 kr. á hlut þann 30/9 2018. Einnig var í samningnum gert ráð fyrir aukagreiðslu upp á 100 milljónir króna þann 30/6 2019 ef það tekst að auka sölu Grenis ehf. um 7% fyrir 30/6 2019.

Samþykki Samkeppniseftirlitsins fékkst 31/8 2018 og þá var gengið frá útgáfu hlutabréfanna í Furu hf. og þau afhent seljendum hlutabréfa í Greni ehf. þann 30/9 2019 ásamt reiðufé. Þann sama dag var ný stjórn kosin í Greni ehf. þar sem Fura hf. átti fjóra stjórnarmenn af fimm. Þrátt fyrir að Fura hf. hafi ekki fengið meirihluta í stjórn Grenis ehf. fyrir en 30. september, þá var hafði stjórn Grenis ehf. samþykkt í samningi félaganna að taka ekki meiriháttar ákvarðanir er vörðuðu framtíð félagsins nema með samþykki Furu hf. Fulltrúi Furu hf. var því viðstaddur alla stjórnarfundum Grenis ehf. frá undirritun samningsins til að tryggja þetta ákvæði.

Fura hf. gerir reikningsskil sín samkvæmt IFRS. Við gerð ársreiknings Furu hf. fyrir árið 2018 voru eftirfarandi upplýsingar lagðar fram um bókfærðar eignir og skuldir Grenis ehf. á eftirtöldum lykildagsetningum, 30/6 2018, 31/8 2018 og 30/9 2018. Fura hf. fékk óháða matsmenn til að reikna út gangvirði eigna og skulda Grenis ehf. á þessum dagsetningum.

Yfirteknar eignir og skuld Grenis ehf. voru eftirfarandi skv. bókhaldi félagsins og matsmönnum::

Í þús. kr.	30/6 2018		31.8.2018		30.9.2018	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Fastafjármunir:						
Húseignir	100.000	120.000	99.000	120.000	98.000	130.000
Vélar og tæki	500.000	500.000	495.000	500.000	490.000	500.000
Eignarhlutur í dótturfélagi	40.000	100.000	41.000	110.000	43.000	100.000
Birgðir	100.000	80.000	110.000	90.000	130.000	110.000
Viðskiptakröfur	230.000	220.000	230.000	220.000	230.000	250.000
Aðrar kröfur	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Handbært fé	40.000	40.000	80.000	80.000	50.000	50.000
Eignir alls	1.060.000	1.110.000	1.105.000	1.170.000	1.091.000	1.190.000
Langtímalán	200.000	200.000	200.000	200.000	180.000	180.000
Lánadrottmar	110.000	110.000	120.000	120.000	120.000	135.000
Aðrar skammtímask., þar með talið áf. vextir	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Skuldir alls	360.000	360.000	370.000	370.000	350.000	365.000
Eigið fé	700.000	750.000	735.000	800.000	741.000	825.000

Eftirfarandi upplýsingar liggja einnig fyrir um Greni ehf.:

1. Hluti af kaupverðinu, 100 milljónir króna, verður eingöngu greiddur ef vörusala Grenis ehf. eykst um 7% fram til 30/6 2019. Ef þessi aukning næst ekki þá fellur hún niður. Stjórnendur Furu hf. hafa metið það sem svo að það séu mun meiri líkur en minni á að söluaukningin náist.
2. Í bókfærðu verði viðskiptakrafna er búið að draga frá áætlaða niðurfærslu krafna að fjárhæð 10 milljónir króna. Matsmenn fóru yfir niðurfærslu krafnanna og telja að bæta eigi við 10 milljónum króna í niðurfærsluna.
3. Greni ehf. var í samningaviðræðum við nýjan söluaðila í Danmörku um umboðssölu. Samningurinn var undirritaður 1/10 2018 og hann eykur framlegð Grenis ehf. um 100 milljónir króna á næstu 24 mánuðum.
4. Greni ehf. er með langtímaleigu á verksmiðjuhúsnæði sínu. Afvöxtuð fjárhæð eftirstæðra leigugreiðslna þann 30/6 2018 var 100 milljónir króna, 99 milljónir króna þann 31/8 2018 og 98 milljónir króna þann 30/9 2018. Samningurinn er ágætlega hagstæður miðað við markaðsleigu á samskonar húsnæði á þessum tíma, það hagstæður að afvöxtuð fjárhæð eftirstæðra leigugreiðslna nýs samnings væri 20 milljón krónum hærri en núgildandi samnings Grenis ehf.

5. Viðskiptavinir Grenis ehf. eru fjölmargir og þar sem Fura hf. er í svipaðri starfsgrein og Greni ehf. þá telja stjórnendur Furu hf. að með kaupunum náist aðgangur að nýjum viðskiptavinum og þar með nýjum markaði fyrir vörur sínar og þjónustu. Fura hf. telur að þessi aðgangur gæti að líkindum aukið framlegð fyrirtækisins um 30 milljónir króna á ári næstu 5 ár eða 114 milljónir króna að núvirði.
6. Þann 1. október 2018 kom til greiðslu bónusgreiðsla til stjórnanda Grenis hf. upp á 50 milljónir króna. Um þessa bónusgreiðslu var samið í janúar 2018 þegar stór hluti eigenda hluta í Greni ehf. ákváðu að skoða hvort það væri mögulega hagkvæmt fyrir þá að selja fyrirtækið. Stjórnendum Grenis ehf. var falið að vinna í málinu og því var samið um þessa bónusgreiðslu ef hagkvæm sala næðist.
7. Í samningum um kaup á eignarhlutum í Greni ehf. var ákvæði um að stjórnendur félagsins, sem jafnframt voru eigendur hlutafjár, ynnu áfram hjá fyrirtækinu eftir kaupin í a.m.k. 2 ár, þar sem þekking þeirra á rekstrinum væri það yfirgripsmikil. Fura hf. taldi að ef þessir stjórnendur yfirgæfu fyrirtækið strax við kaupin, þá myndi það þýða allt að 200 milljónir króna í tapaða framlegð.
8. Beinn kostnaður Furu hf. við kaupin á Greni ehf. nam 38 milljónum króna.
9. Tekjur Grenis ehf. frá 30/6 2018 til áramóta námu 500 milljónum króna og hagnaður tímabilsins var 50 milljónir króna. Tekjur Grenis ehf. frá 31/8 2018 til áramóta námu 420 milljónum króna og hagnaður tímabilsins nam 40 milljónum króna. Tekjur Grenis ehf. frá 30/9 2018 til áramóta námu 380 milljónum króna og hagnaður tímabilsins nam 25 milljónum króna. Tekjur samstæðu Furu hf. og Grenis ehf. hefðu orðið 3,2 milljarðar króna ef kaupin hefðu átt sér stað 1. janúar 2018 og hagnaður samstæðunnar hefði verið 400 milljónir króna.

Þegar kemur að gerð samstæðuársreiknings Furu hf. fyrir árið 2018 snýr fjármálastjóri félagsins sér til þín sem sérfræðings í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum IFRS og biður um aðstoð þína við að stilla upp skýringu vegna kaupanna í samstæðureikninginn. Tekjuskattur er 20%.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að stilla upp skýringu í samstæðuársreikningi Furu hf. 2018 sem fullnægir skilyrðum alþjóðlegra reikningsskilastaðla um upplýsingagjöf vegna kaupa á fyrirtækjum.

Svarið í excel- og/eða word-svarskjali

Verkefni 9 – 20 mín.

Lyfjaþróunarfélagið Pillus hf. er að þróa 3 tegundir af lyfjum við fótasveppum. Hún Villa (oft kölluð Villa pilla), fjármálastjóri Pillus er að lýsa í samtali við þig hvernig kostnaðarskiptingunni á lyf er háttað.

„Þetta er nú ósköp einfalt“ segir Villa. „Við einfaldlega söfnum öllum kostnaði fyrirtækisins saman og deilum honum síðan út eftir útteililykli sem framkvæmdastjórnin ákveður á sérstökum útteilifundi. Einfalt, fljótlegt og nákvæmt.“ „Á síðasta ári var skiptingin til dæmis að lyf I fékk útteilt 30% af kostnaðinum, lyf II 20% og lyf III 50%.“

Úrlausnarefni:

Leggðu mat á aðferðafræðina sem viðhöfð er hjá Pillus við að deila út kostnaði á kostnaðarstaði (e. cost center), og ef við á, gerðu tillögu að breytingum á aðferðafræðinni.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 10 – 35 mín.

Rekstrarráð ehf. er fyrirtæki sem hefur glímt við rekstrarerfiðleika undanfarin misseri og staðið í ströngu við að semja við lánveitendur sína og ganga frá fjárhagslegri endurskipulagningu. Var svo komið á rekstrarárinu sem var að líða að fyrirtækið uppfyllti ekki skilyrði lánasamninga og því fóru stjórnendur í það að semja við kröfuhafa félagsins. Eftir þrotlausa vinnu tókst stjórnendum að lyfta grettistaki og semja við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu og var samkomulag í höfn, þó háð fyrirvörum, í nóvember 2018. Munar þar mestu að viðskiptabanki fyrirtækisins samþykkti að lengja lánstíma og breyta endurgreiðsluhluta útistandandi langtímalána, auk annarra skilmálabreytinga. Þá samþykktu ýmsir aðrir kröfuhafar að fella niður vexti af kröfum sínum og gefa 20% afslátt af því sem var útistandandi á þeim tímapunkti. Til þess að uppfylla skilyrði endurskipulagningarinnar og skilmála frá kröfuhöfum áttu eigendur að koma með nýtt hlutfé inn í reksturinn og selja verðmætt húsnæði í eigu fyrirtækisins sem þeir umsvifalaust samþykktu að gera.

Seint í júlí 2019 barst tilboð í húsnæðið, með fyrirvara um fjármögnun. Í byrjun ágúst gengu eigendur frá hlutfjárhækkuninni í samræmi við samkomulagið við kröfuhafana frá því í nóvember 2018. Hafði fjármálastjórninn samband við þig í byrjun ágúst og sagði að nú væru öll skilyrði fjárhagslegu endurskipulagningar uppfyllt og því væri óvissu um rekstrarhæfi félagsins endanlega eytt. Hann lagði ríka áherslu á það við þig að hann vildi skila endurskoðuðum ársreikningi til Ársreikningaskrár á réttum tíma. Þú fórst strax í það að ganga frá endurskoðuninni og fjármálastjórninn í það að ljúka við gerð ársreikningsins fyrir 2018. Nú er komið fram í lok ágúst og þú ert að leggja lokahönd á endurskoðunaraðgerðir þegar þú færð í hendurnar eintak af ársreikningnum frá fjármálastjóranum. Í ársreikningnum er búið að taka tillit til samkomulagsins við kröfuhafana frá því í nóvember 2018. Skuldir félagsins hafa verið færðar niður í samræmi við samkomulagið auk þess sem hlutfjárhækkunin hefur verið færð í efnahagsreikning 31. desember 2018. Þá kemur fram að fasteign félagsins hafi verið til sölu 31. desember 2018. Þú færð jafnframt þær fréttir að búið sé að aflétta fyrirvara um fjármögnun í húsnæðið og áform sé um að skrifa undir kaupsamninginn fyrstu vikuna í september. Í beinu framhaldi munu kröfuhafar ganga frá endanlegu samkomulagi og staðfesta þar með samkomulagið sem var gert við þá í nóvember 2018. Stjórnendur félagsins ítreka óska sína um að ársreikningurinn verði undirritaður núna í lok vikunnar, 30. ágúst, og skilað strax inn til Ársreikningaskrár sama dag til að brjóta ekki lög um ársreikninga.

Úrlausnarefni:

Dragið fram þau álitamál sem upp koma í forsendunum hér að framan og þá hvort og hvaða áhrif þau hafa á endurskoðun ykkar ?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 11 – 20 mín.

Jóna Jónsdóttir er framkvæmdastjóri hjá félaginu Ávöxtunarráð ehf. Endurskoðaður ársreikningur félagsins var frágenginn og undirritaður í lok mars 2019 með fyrirvaralausri áritun. Meðal helstu áskorana í endurskoðun ársreikningsins var mat á vafasömum kröfum og þá helst vegna stærstu útistandandi viðskiptakröfunnar sem hljóðaði upp á meira en tvöföld mikilvægismörk. Var sá aðili í verulegum rekstrarerfiðleikum en Jóna hafði fengið upplýsingar um það að fjárhagsleg endurskipulagning gengi vel hjá þessum aðila og að nýir fjárfestar væru að koma inn í félagið. Byggt á þeim upplýsingum fannst Jónu það fullnægjandi að niðurfæra helming af viðskiptakröfunni í árslok 2018. Í maí 2019 bárust þær upplýsingar til Jónu að fjárhagsleg endurskipulagning hjá þessum tiltekna aðila hefði ekki gengið eftir og hann væri gjaldþrota. Hafði hún í framhaldinu samband við þig og vildi upplýsa um þessa niðurstöðu og var að velta fyrir sér hvort það ætti að endurgera ársreikning 2018 eða ekki og óskaði eftir leiðbeiningum frá þér hvort það ætti að gera það og þá hvernig það væri framkvæmt.

Úrlausnarefni:

Taktu saman í formi óformlegs minnisblaðs til Jónu hvað það er sem þú telur að þurfi að gera vegna þessara nýju upplýsinga?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali